

SKÓLASKRIFSTOFA
HAFNARFJARÐARStrandgötu 31
220 Hafnarfjörður

Opin mán.-fös. kl. 8-16.

Sími: 585 5800.

skolaskr@hafnarfjordur.is

RITSTJÓRN - SKRIF

Vigfús Hallgrímsson
þróunarfulltrúi grunnskóla
vigfus@hafnarfjordur.is

MARKMIÐ ÚTGÁFU

Að miðla upplýsingum til starfsfólks í grunnskólum Hafnarfjarðar, foreldra og annarra um skólamáli í Firðinum og skólaþróun. Þeir sem vilja koma upplýsingum í blaðið eru beðnir að senda tölvupóst á

vigfus@hafnarfjordur.is.

Þá eru vel þegar ábendingar um það sem betur má fara.

DREIFING

Blaðinu er dreift með tölvupósti (pdf-snið) til starfsfólks skóla í grunnskólum Hafnarfjarðar, fulltrúa foreldra o.fl. Stefnt er að vikulegri útgáfu (með leyfilegum forföllum) á starfstíma skóla. Útgáfudagar eru föstudagar. Blaðið er 2 síður í A-4 stærð.

GRUNNSKÓLAR
HAFNARFJARÐAR

Í Hafnarfirði eru starfandi níu grunnskólar. Nemendur eru um 3900 í nálægt 185 bekkjardeildum og kennarar eru yfir 400 í rúmlega 350 stöðugildum. Skólarnir eru:

- Áslandsskóli.
www.aslandsskoli.is
- Engidalsskóli.
www.engidalsskoli.is
- Hraunvallaskóli.
www.hraunvallaskoli.is
- Hvaleyrarskóli.
www.hvaleyrarskoli.is
- Lækjarskóli.
www.laekjarskoli.is
- Setbergsskóli.
www.setbergsskoli.is
- Víðistaðaskóli.
www.vidistadaskoli.is
- Öldutunsskóli.
www.öldutunsskoli.is
- Barnaskóli Hjallastefnunnar
www.hjalli.is/bsk7610

SKÓLASKRIFSTOFA
HAFNARFJARÐAR

Skólavefritið

5. ÁRGANGUR, 12. TBL.

5. DESEMBER 2008

Endurskoðun á skólastefnu Hafnarfjarðar 2008

Á mánudaginn var kynnt staða á endurskoðun skólastefnu Hafnarfjarðar í fræðsluráði. Sú vinna hefur staðið yfir mest allt þetta ár. Ný drög að skólastefnu verða kynnt í byrjun árs 2009.

Vinnan við endurskoðun fólst í upplýsingaöflun fyrri hluta ársins. Í haust hefur verið unnið að endurskoðun á texta skólastefnunnar á grundvelli

þeirra upplýsinga sem öfluðust. Meginniðurstöður voru þær að halda núverandi uppbyggingu skólastefnunnar en endurskoða einstaka liði hennar. Í vinnuhópi við endurskoðunina sitja Ellý Erlingsdóttir, Gestur

Svararsson og Rósa Guðbjartsdóttir auk þess sem starfsfólk Skólaskrifstofu vinnur með þeim að verkefninu.

María, skólastjóri Setbergsskóla, afhenti viðurkenningar í læsisátaki nóvembermánaðar á lestrarhátíðum í þessari viku.

TILKYNNING

Syngjandi jól
í Hafnarborg á morgun
frá kl. 9.30-19.
(sjá nánar bakhlið blaðsins)

Tilvalið er að heimsækja jólaþorpið í leiðinni.



Jólaistaverk nemenda í fjáröflunarsölu

Nemendur í 5. bekk í Setbergsskóla unnu saman að gerð jólamynda í haust.

Þær eru sýndar í versluninni **Fríða** á Strandgötu nú á adventu og er gert að frumkvæði



Skólaþróun

verslunarinnar. Myndirnar voru unnar í samvinnu nemenda og myndmentarkennara þeirra, Jóhönnu Ragnarsdóttur. Þær eru til sölu í versluninni og rennur andvirðið til mæðrastyrksnefndar í Hafnarfirði. Nokkrar myndanna eru þegar seldar.

Allar myndirnar má sjá á vef Setbergsskóla ásamt höfundum þeirra. Þær eru málaðar á striga og voru þrír nemendur sem unnu saman hverja mynd.

Myndir hér er af eigendum verslunarinnar **Fríðu** ásamt hluta myndanna í baksýn.

Skemmtilegt framtak!



FRÉTTIR

úr stjórnkerfi

Hafnarfjarðar

Fræðsluráð 1. desember 171. fundur:

- Erindi Hjallastefnunnar um að hafa 4. bekk frá hausti 2009 við Hjallabraut hafnað.
- Tekið fyrir erindi frá stærðfræðikeppninni BEST (hét áður KappAbel) um að lokakeppni hennar 21. og 22. apríl verði haldin í Hafnarfirði. Tekið jákvætt í erindið og því vísað til fjárhagsáætlanagerðar.
- Lagðar voru fram reglur um skólahald í óveðri sem eru samræmdar fyrir höfuðborgarsvæðið. Þær hafa verið sendar skólum sem munu einnig senda þær til foreldra.
- Kynnt staða á vinnu við endurskoðun skólastefnu Hafnarfjarðar. Áætlað er að drög að breyttri skólastefnu liggja fyrir í byrjun næsta árs.
- Beiðni um styrk vegna námskeiðs fyrir konur af erlendum uppruna. Afgreiðslu frestað.
- Afgreiddar styrkbeiðnir ársins. **Skólahreysti** styrkt um kr. 150.000, **Vitinn**, nýsköpunarsamkeppni um kr. 150.000 og **Skákfélagið Hrókurinn** um kr. 100.000 vegna skákbókar til 4. bekklinga í bænum.

Tilkynning vikunnar

Skólavefritið kemur ekki út næsta föstudag en síðasta blaðið á þessu ári kemur út eftir tvær vikur.

Næsta blað **Skólavefritsins** er væntanlegt föstudaginn 19. desember 2008

Tilkynningar og fréttaskot um það sem er á döfinni

- » Setbergsskóli hefur opnað vefinn sinn með nýju vefkerfi, nýju útliti og nýju veftré. Þá eru tveir skólar í bænum, Lækjarskóli og Setbergsskóli, komnir með vefi sína í opið og fritt vefsíðakerfi sem nefnist **Joomla**.
- » Kórar grunnskólanna í Hafnarfirði syngja sem hér segir á **Syngjandi jólum** á morgun: kl. 11:20-11:40 Kór Hvaleyrarskóla, kl. 11:40-12:00 Kór Öldutúnsskóla, kl. 12:20-12:40 Kór Áslandsskóla, kl. 12:40-13:00 Skólakór Lækjarskóla og kl. 14:20-14:40 Kór Setbergsskóla. Af þátttöku Kórs Engidalsskóla verður ekki þótt það sé kynnt í auglýstri dagskrá.
- » Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins hefur, í samráði við skólayfirvöld á svæðinu, gefið út leiðbeinandi reglur um viðbrögð í óveðrum. Leiðbeiningarnar eru tvískiptar, aðrar ætlaðar skólum og hinar foreldrum. Reglurnar hafa verið sendar í skólanna og skólarnir munu sömuleiðis dreifa þeim til forelda (í tölvupósti).




Nemendur í Setbergsskóla syngja fyrir nemendum á læsishátíð í vikunni.

Að stýra námsumhverfi til starfsþróunar

Fræðiefni vikunnar er bandarísk skýrsla um hvernig sé heppilegt að stýra námsumhverfi til starfsþróunar. Það nefnist **Leading, learning and leadership support**. Þetta er 76 síðna plagg og er prentanlegt á vefnum. Það er jafnframt fyrsta ritið í stærri flokki skýrslna um þátt skólastjórnunar (leadership) um það hvernig námsumhverfið getur þróast sem best í skólastarfi.

Sjónarmið skýrslunnar er að skoða skólastjórnun út frá námsumhverfi (skóla) þar sem áherslan er á náms-



VEFSLÓÐ: <http://depts.washington.edu/ctpmail/PDFs/Synthesis-Oct16.pdf>

Fræðiefnið

stjórnun frekar en aðra þætti í skólastjórnun (sem geta t.d. verið árangurs-, rekstrar-, ábyrgðarskyldu- eða siðferðisstjórnun).

Skýrslan reynir að leggja áherslu á hvernig stuðningur skólastjórnenda er í skólaumhverfi sem leggur áherslu á nám nemenda. Það eru jafnframt til margar stefnur eða stjórnunaráherslur í skólastjórnun, komnar úr ýmsum áttum, sem allar ætla að vera til góðs.

Er til einhver ein betri tegund skólastjórnunar en önnur?

Íslenskur vefur um upplýsingatækni

Vefur Fjalars er vefsíða vikunnar. Þetta er einn athyglisverðasti vefurinn um upplýsingatækni í skólastarfi sem finnst á Íslandi. Fjalar hefur verið einstaklega dug-

legur að kynna kennurum nýjungar í kennsluhugbúnaði og notkun vefjarins til kennslu.

Fjalar er jafnframt höfundur námsefnis hjá



Námshugbúnaði tengist tölvunotkun. Dæmi um slíkt er leiðbeiningar við notkun **Google Earth** og

Google Sketchup (nú er kominn út ný útgáfa á vefinn). Þá er hægt að gerast áskrifandi að vef Fjalars og fá reglulega sendan tölvupóst með nýjum færslum á vefinn svo ekkert verði útund-

an af fróðleikum. Nauðsynlegur fyrir þá sem vilja með í upplýsingatækni fyrir skólastarf.

Vefhornið